



Kennsluáætlun

8.bekkur

Íslenska			
ÞÆTTIR	MARKMIÐ:	KENNSLUÁHERSLUR	MATSTÆKI OG MAT
Læsi – lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað, skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftl eigið læsi, og m.a. valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur, greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða, 	<ul style="list-style-type: none"> Bókin Indjáninn lesin fyrir áramót og unnið með bókmenntahugtök. Kjalnesingasaga lesin eftir áramót, unnið með lesskilning og bókmenntir frá fyrri tímum. Kveikjur, mismunandi lestraraðferðir, lesskilningur o.fl. Sérðu það sem ég sé. Yndislestur og heimalestur, ýmsar bækur. 	<ul style="list-style-type: none"> Símat Lesfimiþróf, 90% viðmið 130 orð. Lesskilningskannanir, Orðarún og aðrir textar frá kennurum. Heimalestri sinnt. Verkefni úr bókmenntalotum. Verkefni úr Kveikjum.



	<ul style="list-style-type: none">• gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því,• lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta,• beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð,• notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum,	<ul style="list-style-type: none">• Ýmis önnur verkefni frá kennurum.	
--	--	---	--



	<ul style="list-style-type: none"> • leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess, • unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér, • valið sér lesefni til gagns og anægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa 		
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> • skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá 	<ul style="list-style-type: none"> • Bókmenntaritgerð úr Indjábanum. • Ýmis verkefni úr Kveikjum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Símat þar sem ýmis verkefni nemenda eru metin. • Rökfærsluritun skilað inn til einkunnar.



	<p>texta, vísað til heimilda og skráð þær,</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar, • tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun, • beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda, • valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa 	<ul style="list-style-type: none"> • Stök verkefni frá kennurum t.d. sóknarskrift, stafsetningaræfingar og styttri ritanir. • Rökfærsluritanir. • Ritvinnsluverkefni. • Ritunarverkefni tengt Kjalnesingasögu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Ritgerð metin til einkunnar.
--	--	--	--



	<p>viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi,</p> <ul style="list-style-type: none"> • notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um, • skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann. 		
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> • beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess, • valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og 	<ul style="list-style-type: none"> • Málið í mark fallorð, ljósrít og vefurinn. • Ýmis ljósrít og verkefni af vef og úr öðrum bókum. • Kveikjur. 	<ul style="list-style-type: none"> • Símat • Könnunarpróf • Ýmis verkefni metin til einkunnar.



	<p>nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun,</p> <ul style="list-style-type: none">• flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna,• áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra,• notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni,• gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og		
--	--	--	--



	<p>málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun,</p> <ul style="list-style-type: none"> • áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritum, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap, • gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum 		
Talað mál, hlustun og framsögn	<ul style="list-style-type: none"> • flutt mál sitt skýrt og áheyrulega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas, 	<ul style="list-style-type: none"> • Kveikur • Ýmis verkefni frá kennurum • Flutningur á verkefnum • Rökræður og samræður 	<ul style="list-style-type: none"> • Símat • Framsögn • Þátttaka



	<ul style="list-style-type: none">• gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu,• nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar,• hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og		
--	--	--	--



	<p>tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni,</p> <ul style="list-style-type: none">• nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt,• átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.		
--	--	--	--



Stærðfræði			
ÞÆTTIR	MARKMIÐ:	KENNSLUÁHERSLUR	MATSTÆKI OG MAT
Að geta spurt og svarað	<ul style="list-style-type: none"> Greint á milli skilgreininga og setninga, milli einstakra tilvika og alhæfinga. Getur nýtt þá þekkingu til að kanna og ræða um stærðfræðileg hugtök, um tilgang og takmörk þeirra. 	<ul style="list-style-type: none"> Skali 2A og 2 A Ýtarefni frá kennara 	<ul style="list-style-type: none"> Símat Verkefni Próf
Tungumál og verkfæri	<ul style="list-style-type: none"> Lesið úr táknmáli stærðfræðinnar, notað það á merkingarbæran hátt, t.d. þýtt af daglegu máli yfir á táknmál stærðfræðinnar og skilið þær leikreglur sem gilda um meðferð þess. 	<ul style="list-style-type: none"> Skali 2A og 2 A Ýtarefni frá kennara 	<ul style="list-style-type: none"> Símat Verkefni Próf
Vinnubrögð og beiting	<ul style="list-style-type: none"> Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stórra og 	<ul style="list-style-type: none"> Skali 2A og 2 A Ýtarefni frá kennara 	<ul style="list-style-type: none"> Símat Verkefni



	smárra stærðfræðiverkfna og gefið öðrum viðbrögð, m.a. með því að spyrja markvisst.		• Próf
Tölur og reikningur	<ul style="list-style-type: none"> Gefið dæmi um mismunandi framsetningu hlutfalla og brota, skýrt sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu. Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim. 	<ul style="list-style-type: none"> Skali 2A og 2 A Ýtarefni frá kennara 	<ul style="list-style-type: none"> Símat Verkefni Próf
Algebra	<ul style="list-style-type: none"> Unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur til að rannsaka, koma skipulagi á og alhæfa um það á táknmáli algebrunnar og sett fram stæður með breytistærðum. 	<ul style="list-style-type: none"> Skali 2A og 2 A Ýtarefni frá kennara 	<ul style="list-style-type: none"> Símat Verkefni Próf



Rúmfræði og mælingar	<ul style="list-style-type: none"> • Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll, innbyrðis afstöðu lína, færslur og fræðilega eiginleika tví- og þrívíðra forma. 	<ul style="list-style-type: none"> • Skali 2A og 2 A • Ýtarefni frá kennara 	<ul style="list-style-type: none"> • Símat • Verkefni • Próf
Tölfræði og líkindi	<ul style="list-style-type: none"> • Notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn. 	<ul style="list-style-type: none"> • Skali 2A og 2 A • Ýtarefni frá kennara 	<ul style="list-style-type: none"> • Símat • Verkefni • Próf



Samfélagsfræði og lífsleikni			
ÞÆTTIR	MARKMIÐ:	KENNSLUÁHERSLUR	MATSTÆKI OG MAT
Reynsluheimur	<ul style="list-style-type: none"> Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs. Ígrundað víxlverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar. Sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf. 	<ul style="list-style-type: none"> Um víða veröld - heimsálfur Ýtarefni frá kennara KVAN - verkfærakistan Uppeldi til ábyrgðar - handbók 	<ul style="list-style-type: none"> Símat Hópaverkefni Sjálfsmat Kannanir Þátttaka



	<ul style="list-style-type: none">• Útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnámál, atvinnulíf og hugmyndastefnur.• Greint hvernig stjórnámál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga.• Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.• Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.• Fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og		
--	--	--	--



	<p>hafa áhrif á loftslag og gróður.</p> <ul style="list-style-type: none">• Útskýrt meginþekkingu gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði.• Greint mynstur manlegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum.• Gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun.• Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.		
--	--	--	--



	<ul style="list-style-type: none">• Útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis.• Gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.• Sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákni kristni og annarra helstu trúarbragða heims.• Gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta.• Rætt og borið saman ólík trúar og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er		
--	---	--	--



	<p>sameiginlegt og hvað sérstætt.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Greint áhrif Biblíunnar og helgiritanna annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög. • Útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga. • Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins. • 		
Hugarheimur	<ul style="list-style-type: none"> • Hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, 	<ul style="list-style-type: none"> • Um víða veröld - heimsálfur • Ýtarefni frá kennara • KVAN - verkfærakistan • Uppeldi til ábyrgðar - handbók 	<ul style="list-style-type: none"> • Símat • Hópaverkefni • Sjálfsmat • Kannanir • Þátttaka



	<p>stjórnmálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum.</p> <ul style="list-style-type: none">• Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.• Beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.• Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.• Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hefur áráði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun		
--	--	--	--



	<p>á sjálfstæðan og ábyrgan hátt.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga. • Sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði. • Greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða. • 		
Félagsheimur	<ul style="list-style-type: none"> • Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. • Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi 	<ul style="list-style-type: none"> • Um víða veröld - heimsálfur • Ýtarefni frá kennara • KVAN - verkfærakistan • Uppeldi til ábyrgðar - handbók 	<ul style="list-style-type: none"> • Símat • Hópaverkefni • Sjálfsmat • Kannanir • Þátttaka



	<p>fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.</p> <ul style="list-style-type: none">• Vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttisýnan hátt.• Sinnt velferð og hag samferðafólks síns.• Rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum.• Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.		
--	--	--	--



	<ul style="list-style-type: none">• Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.• Sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.• Ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleysis.• Útskýrt gildi reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.		
--	---	--	--



Íþróttir og sund			
PÆTTIR	MARKMIÐ:	KENNSLUÁHERSLUR	MATSTÆKI OG MAT
Líkamsvitund, leikni og afkastageta	<ul style="list-style-type: none"> • gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol, • sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu, • gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfividd og hreyfigetu, sýnt útfærslu flókinna hreyfinga þannig að þær renni vel saman, gert rytmískar æfingar og fylgt takti, • tekið þátt í hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og heilsurækt innan og utan skólans, 	<p>Íþróttir:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Mismunandi íþróttagreinar • Þol og þrekæfingar • Boltaleikir • Hópleikir <p>Sund:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Bringusund • Baksund • Skriðsund • Kafsund • Björgunarsund • Tækniæfingar • Leikir 	<p>Íþróttir:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Símat og virkni í tímum • Þolpróf Armbeygiupróf Sippupróf Liðleikapróf Langstökk án atrennu <p>Sund:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Símat og virkni í tímum • Tímataka, þolsund og tækni



	<ul style="list-style-type: none"> • nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu, • sýnt leikni og sýnt viðstöðulaust í bringusundi, baksundi, skriðsundi, björgunarsundi og kafsundi auk þess að geta troðið marvaða. 		
Félagslegir þættir	<ul style="list-style-type: none"> • skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitsemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum, • þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt 	<ul style="list-style-type: none"> • Passað að skipta jafnt í lið, rætt um styrkleika hvers og eins. Ræðum um góðan liðsanda og hvernig á að hvetja áfram. Áhersla á jákvæð lýsingarorð. Að nemendur læri að tapa og vinna. • Lagt upp með að nemendur geti farið eftir reglum íþróttamiðstöðvar. 	



	<p>háttvísi í leik, bæði í hóp og einstaklingsíþrótt,</p> <ul style="list-style-type: none"> rökrætt kynheilbrigði, kyn- og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi. 		
Heilsa og efling	<ul style="list-style-type: none"> skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans, rætt eigin ábyrgðá líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra, útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun og ýmsum íþróttum, 	<ul style="list-style-type: none"> Fylgst með og farið yfir hreinlæti og reglur í klefum. Foreldrar upplýstir um viðeigandi íþrótt og sundfatnað. Efla þol nemenda með þolæfingum Útæfingar í byrjun og lok skólaárs. Ratleikur og íþróttadagur 	



	<ul style="list-style-type: none">• vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans,• sett sér skammtíma-og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt, gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa,• sótt og nýtt sér upplýsingar við alhliða heilsurækt og mat á eigin heilsu,• notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu,• tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi,		
--	--	--	--



	<ul style="list-style-type: none"> • sýnt ábyrgð í útivist. Skýrt tákni korta, tekið stefnu með áttavita og ratað um landsvæði eftir korti. 		
Öryggis- og skipulagsreglur	<ul style="list-style-type: none"> • tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum. • Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunarhálda. • Bjargað jafningja á björgunarsundi. 		



Enska			
ÞÆTTIR	MARKMIÐ:	KENNSLUÁHERSLUR	MATSTÆKI OG MAT
Hlustun	<ul style="list-style-type: none"> • Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga- náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> • Áhorf og hlustanir í Spotlight bókinni 	<ul style="list-style-type: none"> • Hlustunarpróf og ritanir
Lesskilningur og ritun	<ul style="list-style-type: none"> • Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Textar úr les- og vinnubók Spotlight. • Fréttir á netinu • Ritun úr kvikmynd 	<ul style="list-style-type: none"> • Símat, ritunarverkefni og verkefnaskil.



<p>Samskipti og frásögn</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við. 	<ul style="list-style-type: none"> • Textar úr les- og vinnubók Spotlight. • Fréttir á netinu • Ritun úr kvikmynd 	<ul style="list-style-type: none"> • Frásögn úr fréttum. • Kynning.
<p>Menningalæsi og námshæfni</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni. • Unnið sjálfstætt með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja. 	<ul style="list-style-type: none"> • Ýmis verkefni tengd námsefninu og efni sem koma frá kennara. 	<ul style="list-style-type: none"> • Símat, verkefnaskil og próf.



Danska			
ÞÆTTIR	MARKMIÐ:	KENNSLUÁHERSLUR	MATSTÆKI OG MAT
Hlustun	<ul style="list-style-type: none"> • Skilið það mál sem er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum. • Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni. • Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta. 	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið verður markvisst með hlustunarefni sem tengist þeim efnisflokkum sem unnið er með. • Hlustun einnig þjálfuð við áhorf á danskt fréttafni, danskar kvikmyndir og eða þætti þar sem danskur undirtexti er notaður. 	<ul style="list-style-type: none"> • Hlustunarpróf



<p>Lesskilningur og ritun</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Skilið megininntak í stuttum og einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum. • Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu. • Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina. • Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista. • Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur vinna munnleg og skrifleg verkefni þar sem unnið er með ákveðna efnisflokkum. • Lögð er áhersla á málfræði, orðaforða og að þeir geti tjáð sig um það sem snertir þá persónulega eða áhugasvið þeirra. • Unnið verður markvisst með les- og vinnubækur þar sem efni þeirra tengist ákveðnum efnisflokkum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Orðaforðapróf • Könnun eftir hvern kafla • Lesskilningskannanir, símat og þemaverkefni.
-------------------------------	--	--	---



	mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.		
Samskipti og frásögn	<ul style="list-style-type: none"> • Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst. • Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu. • Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. • Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt. • Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur vinna munnleg og skrifleg verkefni þar sem unnið er með ákveðna efnisflokka. • Lögð er áhersla á málfræði, orðaforða og að þeir geti tjáð sig um það sem snertir þá persónulega eða áhugasvið þeirra. • Nemendur vinna munnleg og skrifleg verkefni þar sem unnið er með ákveðna efnisflokka. 	<ul style="list-style-type: none"> • Símat og þemaverkefni



	<ul style="list-style-type: none"> • Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa. 		
Menningalæsi og námshæfni	<ul style="list-style-type: none"> • Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðhátta og þekktra staða. • Sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglíngamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra, • Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir. 	<ul style="list-style-type: none"> • Lögð áhersla á að nemendur kynni sér ákveðna þætti í dönsku menningarlífi og kynni sér valda þætti úr dönsku samfélagi. • Áhersla verður lögð á samvinnu nemenda og unnin þemaverkefni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þemaverkefni, virkni og þátttaka. • Kannanir • Orðaforðapróf • Málfræðipróf • Hlustunarpróf • Þemaverkefni • Ritunarverkefni



	<ul style="list-style-type: none">• Beitt einföldum námsaðferðum til auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.• Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.• Beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur.• Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.		
--	---	--	--



Náttúrufræði			
ÞÆTTIR	MARKMIÐ:	KENNSLUÁHERSLUR	MATSTÆKI OG MAT
Geta til aðgerða og nýsköpun	<ul style="list-style-type: none"> Greint hvernig þættir eins og tæknistig, þekking, kostnaður og grunnkerfisamfélagsins hafa áhrif á hvaða lausn viðfangsefna er valin hverju sinni. Tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig megi bregðast við breytingum en um leið tekið mið af því að í framtíðinni er margt óvísst og flókið. Greint stöðu mála í eigin umhverfi og aðdraganda þess, í framhaldi skipulagt 	<ul style="list-style-type: none"> Bækur fyrir nemendur í 8. bekk í náttúrufræði eru eftirfanandi: Lífheimurinn Eðlisfræði 1 Umhverfisfræði, greinar og netið. Matvælafræði, greinar og netið. Kynfræðsla Um stráka og stelpur Ásamt myndböndum og fróðleiksmolar frá netinu Markmið nemenda: Einstaklingsvinna Hópavinna Sjálfstæð vinnubrögð 	<p>Lífheimurinn</p> <ul style="list-style-type: none"> Nemendur fara yfir fimm kafla bókarinnar gera sjálfspróf eftir hvern kafla sem nýtist við upprifjun. Nemendur fá tækifræri að draga miða og taka þá þá könnun sem miðin segir til um (1. til 5. kafli) Fá uppbyggilega gagnrýni frá kennara Hópverkefni – fræðingarnir <p>Eðlisfræði 1</p> <ul style="list-style-type: none"> Sjálfspróf eftir hvern kafla Verklegar æfingar Könnun úr hverjum kafla <p>Betri bær</p>



	<p>þátttöku í aðgerðum sem fela í sér úrbætur.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tekið þátt í og útskýrt reynslu sína og niðurstöðu af þátttöku í aðgerðum sem varða náttúru og samfélag. 	<ul style="list-style-type: none"> • bera ábyrgð á náminu og verkefnaskilum • Markmið kennara: • Hafa skipulag • Kynna námsefni fyrir nemendum • Aðstoða nemendur • Sýna skilning • Markmið náttúrufræðistofu: • gera tilraunir • geyma og fylgjast með efni sem við finnum í náttúrunni • huga vel að stofunni og læra verklega vinnubrögð 	<ul style="list-style-type: none"> • Verkefni sem má vinna sem einstaklings- eða hópverkefni. Nemendur finna hugmynd sem talin er vera góður kostur fyrirsamfélagið og umhverfið. • Nemendur munu kynna verkefnið fyrir einstaklingum frá bæjarráði Suðurnesjabæjar.
Nýsköpun og hagnýt þekkingar	<ul style="list-style-type: none"> • Gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf í nánasta umhverfi og samfélagi og hvernig þær hafa ekki haft áhrif. 		<ul style="list-style-type: none"> • Kynfræðsla • Nemendur fá kynningu á kynfræðslu. • Bókin Um stráka og stelpur verður nýtt til fróðleiks.



	<ul style="list-style-type: none"> • Tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi. 		
Gildi og hlutverk vísinda og tækni	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið með samþætt viðfangsefni með vinnubrögðum náttúrugreina og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum náttúru, umhverfi, samfélagi og tækni. • Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsstigsins. • Skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran hafa áhrif hvert á annað 		



Vinnubrögð og færni	<ul style="list-style-type: none">• Framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni.• Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda.• Dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.• Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.• Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota hand - og fræðibækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur. Aflað sér upplýsinga um		
---------------------	--	--	--



	<p>náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum.</p> <ul style="list-style-type: none"> Gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum. 		
Ábyrgð á umhverfinu	<ul style="list-style-type: none"> Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru, sýnt umhverfinu umhyggju og rökrætt eigin skoðun á því. Rætt af skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi. Skoðað og skráð atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis, í framhaldi tekið virkan þátt í gagnrýnni umfjöllun um málið og gert tillögur um aðgerðir til bóta. 		



	<ul style="list-style-type: none"> • Sýnt fram á getu til að vinna að umbótum í eigin sveitarfélagi eða í frjálsum félagasamtökum. 		
Að búa á jörðinni	<ul style="list-style-type: none"> • Útskýrt og rætt ástæður náttúruverndar. • Útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu 		
Lífsskilyrði manna	<ul style="list-style-type: none"> • Útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun. • Rökrætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni, vatnsnotkun og sjó. • Útskýrt hvað einkennir lífsskilyrði manna og hvað felst í því að taka ábyrgð á eigin heilsu. 		



<p>Náttúra Íslands</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum. • Útskýrt flokka lífvera eftir skyldleika, ein - og fjölfrumunga, að erfðir ráðast af genum og hvernig íslenskarlífverur hafa aðlagast umhverfi sínu. • Lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi. • Tekið dæmi af og útskýrt forvarnir,sem eru skipulagðar vegna náttúruhamfara. 		
<p>Heilbrigði umhverfis</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna. • Sagt fyrir um þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita. 		



Samspil vísindar, tækni og þróunar í samfélaginu	<ul style="list-style-type: none"> Fjallað á gagnrýnninn hátt um aukefni í mat og aðferðir til að auka geymsluþol matvæla. 		
--	---	--	--

List- og verkgreinar			
ÞÆTTIR	MARKMIÐ:	KENNSLUÁHERSLUR	MATSTÆKI OG MAT
Leiklist og dans	<ul style="list-style-type: none"> Hæfniviðmið nemenda eru að þeir geti: Unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum Bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist Valið milli mismunandi aðferða við sviðssetningu, bæði hvað varðar 	<p>1. Vika Upphitun, hópefli, léttar leiklistaræfingar.</p> <p>2. Vika Kynning á hæfniviðmiðum, upphitun, hópefli, léttar leiklistaræfingar.</p> <p>3. Vika Leiklistarþrautakeppni um skólann.</p> <p>4. Vika Upphitun, teikna-leika-segja, dans.</p> <p>5. Vika Horfa á leikrit – skoðum framkomu, raddstyrk, líkamstjáningu og svipbrigði.</p>	Einkunn með bókstöfum/ Mælikvarði: A = Framúrskarandi B+ = Mjög gott B = Gott C+ = Sæmilegt C= Slakt D= Óviðunandi



	<p>frásagnarform og leikstíl, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skrifað handrit að stuttu leikverki þar sem beitt er grunnreglum við uppsetningu leikhandrits fyrir svið og/eða myndmiðla, - nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína á markvissan hátt • Prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum leiktexta • Túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitt rými, 	<p>6. Vika Kynning á leikriti: hlutverk, búningar, leikmynd, handrit. Fyrsti lestur.</p> <p>7. Vika Æfing fyrir leikrit.</p> <p>8. Vika Æfing fyrir leikrit.</p> <p>9. Vika Æfing fyrir leikrit.</p> <p>10. Vika Lokaæfing fyrir sýningu.</p> <p>11. Vika Sýning</p>	
--	---	--	--



	<p>radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína</p> <ul style="list-style-type: none"> • Valið milli forma og stíls í eigin sköpun og rökstutt val sitt • Skrásett og rökstutt eigið vinnuferli í leiklist • Rökrætt leikið efni á sviði og í myndmiðlum á gagnrýninn hátt, beitt við það viðeigandi orðaforða og sett það að nokkru leyti í menningarlegt og sögulegt samhengi. 		
Sjónlistir	<ul style="list-style-type: none"> • Valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndirí fjölbreytta miðla, greint og beitt 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendursafna verkum sínum í möppu ásamt því að taka samdægus með heim. <p>Áhersla lögð á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Grunnliti og litahringinn • Vatnslitamálun 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur fá leiðsögn í þeim verkefnum sem fyrir þau eru lögð. • Mat verður lagt á úrvinnslu nemenda á verkefnum. Vinnusemi og notkun á þeim verkfærum sem þau læra inn á í áfanganum.



	<p>fjölbreyttum aðferðum og tækni.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og / eða rannsókn, myndræntog/ eða í texta. • Greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun, bæði á Íslandi og erlendis og tengt það við þá menningu sem hann er sprottinn úr. • Gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í persónulegt, menningarlegt og sögulegt samhengi. • Tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun 	<ul style="list-style-type: none"> • Málað með akríl • Rætt um myndverk sitt • Þróa eigin listsköpun • Sjálfsm mynd • Skissubók • Fjarvídd • 3D pappírsv verk • Upphaf myndlistar mannsins • Fræga íslenska myndlistarmenn • Poplist/ unnið út frá verkum Andy Warhol og Tryggva Ólafssonar • Listasögu 	<ul style="list-style-type: none"> • Metið út frá markmiðum Aðalnámskrá. • Símat og virkni í tímum. Einkunn með bókstöfum. <p>Einkunn með bókstöfum/ Mælikvarði:</p> <p>A = Framúrskarandi B+ = Mjög gott B = Gott C+ = sæmilegt C= slakt D= óviðunandi</p>
--	---	--	---



	<p>með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið.</p> <ul style="list-style-type: none">• Notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sýnar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati.• Greint hvernig samtímalistfæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina.• Greint hvernig sjónrænt áreiti daglegslífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat.• Sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal.		
--	--	--	--



	<ul style="list-style-type: none"> Gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu. Túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu, nærumhverfi, samtímann, siðfræði og fagurfræði 		
Upplýsingatækni	<ul style="list-style-type: none"> Unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum. Unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu Nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar. Nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs 	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur vinna í ýmsum forritum sem Chromebook tölvan inniheldur. Nemendur læra að setja upp ritgerð. Nemendur læra á Excel Nemendur gera kynningar í PowerPoint Nemendur nota ýmsar vefsíður til þess að gera verkefni. 	<p>Einkunn með bókstöfum/ Mælikvarði:</p> <p>A = Framúrskarandi B+ = Mjög gott B = Gott C+ = Sæmilegt C= Slakt D= Óviðunandi</p>



	<p>tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit. • Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda. • Nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt. • Útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu. 		
Heimilisfræði	•	•	<ul style="list-style-type: none"> • Leiðsagnarmat: Nemendur fá leiðsögn og endurgjöfsamhliða vinnu þeirra.



			<ul style="list-style-type: none"> • Símat: Stöðugt mat lagt á vinnubrögð, þátttöku og hegðun nemenda í tímum. <p>Hæfnikort: Metið út frá markmiðum Aðalnámsskrá:</p> <p>A = Framúrskarandi B+ = Mjög gott B = Gott C+ = Sæmilegt C= Slakt D= Óviðunandi</p>
Textíll	<p>Handverk, aðferðir og tækni</p> <ul style="list-style-type: none"> • Beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða. • Rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði. 		<ul style="list-style-type: none"> • Leiðsagnarmat: • Nemendur fá leiðsögn og endurgjöfsamhliða vinnu þeirra. • Símat: • Stöðugt mat lagt á vinnubrögð, þátttöku og hegðun nemenda í tímum. • Hæfnikort:



	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnispörf. <p>Sköpun, hönnun og útfærsla</p> <ul style="list-style-type: none"> • Beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu • Skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt. • Lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök • Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði. 		<p>Einkunn með bókstöfum/ Mælikvarði:</p> <p>A = Framúrskarandi B+ = Mjög gott B = Gott C+ = Sæmilegt C= Slakt D= Óviðunandi</p>
--	---	--	--



	<p>Menning og umhverfi</p> <ul style="list-style-type: none"> • Útskýrt tjáningarmáta og tákni textíla og tísku út frá mismunandi stíl, áferð og efniskennd, í tengslum við sérkenni íslenskrar textílvinnu, handverks, textílsögu og menningararfs. • Fjallað um helstu tákni og merkingar vefjarefna. • Sagt frá textíliðnaði og starfsgreinum tengdum fatagerð og textílhönnun. • Sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd. 		
<p>Hönnun og smíði</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur vinna að ýmsum verkefnum í tímum, sem reynt er eftir bestu getu að 	



	<ul style="list-style-type: none">• Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni. Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.• Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.• Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.• Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir.• Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig Lögð er áhersla á að þau læri að nota sem flest verkfæri og þekkja til efnan	<p>láta tengjast þeim viðmiðum sem er ætlast til.</p>	
--	---	---	--



	<p>sem notuð eru og hvað á við að hverju sinni.</p> <ul style="list-style-type: none">• Hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni.• Gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra.• Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.		
--	---	--	--